REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í réttri númeraröð:

7.44 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1804 frá 16. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.44.

8.35 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/1805 frá 16. júlí 2026 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.35.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 15. október 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 7.44.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1804

frá 16. júlí 2026

um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ ([1]).

2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.

3) Í ályktun sinni ES-11/7, sem samþykkt var 24. febrúar 2025, minnti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna á þörfina á að viðeigandi ályktanir þess, sem samþykktar hafa verið til að bregðast við árásum gegn Úkraínu, komi að fullu til framkvæmda, einkum krafa þess um að Rússneska sambandsríkið dragi allan herafla sinn tafarlaust, að öllu leyti og skilyrðislaust til baka frá yfirráðasvæði Úkraínu innan alþjóðlega viðurkenndra landamæra hennar og krafa þess um að Rússneska sambandsríkið hætti tafarlaust hernaðarátökum gegn Úkraínu, einkum árásum á borgara og borgaraleg skotmörk.

4) Svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur gert gilda áfram og gera viðbótarráðstafanir ef nauðsyn krefur.

5) Rétt er að fresta þeim degi þegar fyrirkomulag um breytingar á verðþaki fyrir hráolíu tekur gildi. Með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 ([2]) var komið á fót aðferð til að aðlaga þetta verðþak með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Markmiðið með frestuninni er að gefa ráðinu viðbótartíma til að skoða og samþykkja þær breytingar sem kunna að reynast nauðsynlegar í ljósi þróunar á markaði og þannig tryggja skipulegt og vel ígrundað ákvarðanatökuferli.

6) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.

7) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. þ ákvörðunar 2014/512/SSUÖ:

„13. Fresta skal beitingu aðferðarinnar til að breyta verðþakinu sem mælt er fyrir um í 12. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningi á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birtingu tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingu á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þannig að birting framkvæmdastjórnarinnar á tilkynningu um það meðalmarkaðsverð, sem tekur til 22 vikna tímabilsins frá 15. janúar til 17. júní 2026, fari fram 23. júlí 2026 og breytingin á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 gildi frá og með 15. ágúst 2026. Núverandi verðþak skal gilda áfram þar til nýja verðþakið tekur gildi.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 16. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

T. BYRNE

([1]) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj).

([2]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/1495, 19.7.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj).

Fylgiskjal 8.35.

REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/1805

frá 16. júlí 2026

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1804 frá 16. júlí 2026 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu ([1]),

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014 ([2]).

2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ ([3]).

3) Hinn 16. júlí 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/1804 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.

4) Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/1804 er þeim degi þegar fyrirkomulagið um breytingar á verðþaki fyrir hráolíu tekur gildi frestað. Með ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 ([4]) var komið á fót aðferð til að aðlaga þetta verðþak með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Markmiðið með frestuninni er að gefa ráðinu viðbótartíma til að skoða og samþykkja þær breytingar sem kunna að reynast nauðsynlegar í ljósi þróunar á markaði og þannig tryggja skipulegt og vel ígrundað ákvarðanatökuferli.

5) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggt sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.

6) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 3. gr. n í reglugerð (ESB) nr. 833/2014:

„11a. Fresta skal beitingu aðferðarinnar til að breyta verðþakinu sem mælt er fyrir um í 11. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. útreikningi á meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil, birtingu tilkynningar um það meðalmarkaðsverð og breytingu á XXVIII. viðauka, þannig að birting framkvæmdastjórnarinnar á tilkynningu um það meðalmarkaðsverð, sem tekur til 22 vikna tímabilsins frá 15. janúar til 17. júní 2026, fari fram 23. júlí 2026 og breytingin á XXVIII. viðauka gildi frá og með 15. ágúst 2026. Núverandi verðþak skal gilda áfram þar til nýja verðþakið tekur gildi.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. júlí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

T. BYRNE

([1]) Stjtíð. ESB L, 2026/1804, 16.7.2026, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1804/oj.
([2]) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: https://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj).
([3]) Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj).

([4]) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L, 2025/1495, 19.7.2025, ELI: https://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj).

B-deild – Útgáfudagur: 30. október 2026